

Tillaga til þingsályktunar

um einkarekna heilsugæslustöð í Garðabæ.

Flm.: Sigbrúður Ármann, Berglind Ósk Guðmundsdóttir, Bryndís Haraldsdóttir,
Diljá Mist Einarisdóttir, Hildur Sverrisdóttir, Njáll Trausti Friðbertsson,
Óli Björn Káráson, Vilhjálmur Árnason.

Alþingi ályktar að fela heilbrigðisráðherra að undirbúa opnun nýrrar heilsugæslustöðvar í Garðabæ með það að markmiði að bjóða út rekstur hennar.

Greinargerð.

Með því að bjóða út rekstur nýrrar heilsugæslustöðvar í Garðabæ er tryggt að heimilislæknum standi til boða að reka þar eigin þjónustu. Leiða má líkur að því að slík breyting á rekstrarformi auðveldaði það að fá heimilislækna til starfa í Garðabæ.

Reynsla af einkareknum heilsugæslustöðvum hefur verið góð og njóta þær almennt meira trausts en aðrar heilsugæslustöðvar, sbr. þjónustukönnun Maskínu fyrir allar 19 heilsugæslustöðvar á höfuðborgarsvæðinu árið 2023. Þar kom fram að allar fjórar heilsugæslustöðvar höfuðborgarsvæðisins sem eru einkareknar voru efstar á lista yfir þær stöðvar sem njóta mests trausts og mest ánægja er með. Í sömu könnun var Heilsugæslan Garðabæ í næstneðsta sæti. Hafa einkareknar heilsugæslustöðvar verið efstar frá því að kannanir hófust árið 2019.

Kostir einkarekinna heilsugæslustöðva eru ótvíræðir og því full ástæða til að bjóða Garðbæingum upp á þann kost.

Vert er að benda á að íbúar Garðabæjar eru um 20.000 talsins en hafa einungis eina heilsugæslustöð. Til samanburðar eru fjórar heilsugæslustöðvar í Kópavogsbæ en íbúafjöldi þar er um 40.000, eða 10.000 manns á hverja heilsugæslustöð. Því er bersýnileg þörf á annarri heilsugæslustöð í Garðabæ.